

### **Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðarráð/sviði beiti sér fyrir að skipaður verði starfshópur til að gera úttekt á búsetuhögum öryrkja og búsetuúrræðum í Reykjavík. Óskað er eftir því að lögð verði áhersla á þá aðila sem eru á leigumarkaði með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir ÖBÍ.

#### **Greinargerð:**

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði rannsókn á húsnæðismálum fatlaðs fólks fyrir ÖBÍ réttindasamtök og var skýrsla með niðurstöðum hennar kynnt 17. nóvember 2022. Þær leiddu í ljós að 58% öryrkja búa í eigin húsnæði samanborið við 74% allra fullorðinna. 29 prósent öryrkja eru á leigumarkaði en 13 prósent allra fullorðinna hér á landi. Öryrkjar á leigumarkaði sögðu almennt erfitt að fá leigt húsnæði á almennum markaði og sögðust greiða stóran hluta tekna sinna í rekstur húsnæðisins. Alls sögðust 12% greiða meira en 75% útborgaðra launa en 25% greiða á milli 51% og 75%. Þá reyndust öryrkjar tvöfalt líklegri en aðrir til að hafa miklar áhyggjur af húsnæðiskostnaði, eða 38% samanborið við 19%. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum er brýnt að láta gera úttekt á búsetuhögum öryrkja og búsetuúrræðum sem þeim standa til boða í Reykjavík og leggja þá úttekt til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku í húsnæðismálum borgarbúa.